

Árleg hlutfallstala kostnaðar

Árleg hlutfallstala kostnaðar (**ÁHK**) er mælikvarði á heildarlántökukostnað sem er reiknuð með því að umreikna kostnað lánsins yfir lánstímann yfir í jafngilda árlega vaxtaþrósentu. Sem kostnað við lán má nefna, vexti, lántökugjald, greiðslugjald og annan þann þekkta kostnað sem lán taki þarf að greiða vegna lánsins.

Ef lánið er verðtryggt er einnig skylda samkvæmt lögum um neytendalán nr. 33/2013 að telja áætlaða verðbólgu með sem kostnað líka. Verðbólgan er áætluð sem ársverðbólga samkvæmt 12 mánaða breytingu vísitölu neysliverðs og þá forsendu að sú verðbólga haldist óbreytt til loka lánstímans. Ef lánessamningur heimilar breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem hluti ÁHK, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður skal reikna ÁHK miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.

Við útreikning á ÁHK skal gengið út frá því að lánessamningur gildi umsaminn tíma og lánveitandi og neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum lánessamnings. Ekki eru meðtalin í útreikningi möguleg viðurlög eða sektargreiðslur vegna vanefnda.

Ekki er hægt að reikna ÁHK með einfaldri formúlu heldur þarf að reikna hana með ítrun miðað við nákvæmar forsendur lánsins, samkvæmt staðlaðri formúlu sem skilgreind er í reglugerð nr. 965/2013.